

kr. 30.000,00 ásamt 37% ársvöxtum frá 1.10. 1981 til greiðsludags, og kr. 4.009,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. apríl 1985.

Nr. 90/1985. **Ákærvaldið**

gegn

Hilmari Þóri Ólafssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 16. apríl 1985, sem barst réttinum s.d. Ríkissaksóknari krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og varnaraðilja gert að sæta gæsluvarðhaldsvist til 15. maí 1985, kl. 17:00, og honum verði á þeim tíma gert að gangast undir rannsókn á geðheilbrigði sínu með tilliti til sakhæfis.

Af hálfu varnaraðilja er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar og réttargæsluþóknunar úr ríkissjóði verði það gert. Að öðrum kosti er eigi gerð krafa um réttargæsluþóknun fyrir Hæstarétti.

Varnaraðilja er gefið að sök, að hann hafi framið verknað, sem talinn er geta varðað við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, en brot gegn 211. gr. varða fangelsi 5 ár hið minnsta. Ber því samkvæmt 4. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 að taka kröfu ákærvalds um gæsluvarðhald til greina, þó svo, að ákveða verður að því ljúki 1. maí, þar sem krafa var eigi gerð í sakadómi um lengra gæsluvarðhald. Krafa um rannsókn á geðheilbrigði varnaraðilja var ekki höfð uppi fyrir sakadómi, og kemur hún því eigi til álita í Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Hilmar Þórir Ólafsson, skal sæta gæsluvarðhaldsvist til 1. maí 1985, kl. 17:00.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 13. apríl 1985.

Ár 1985, laugardaginn 13. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Hilmar Þóri Ólafssyni sjómanni, t.h.a. Miðgarði 6, Egilsstöðum, fæddum 17.04. 1966 á Norðfirði, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 1. maí n.k., kl. 17:00, vegna gruns um brot gegn 211. gr., sbr. 20. gr. alm. hegningarlaga, 218. gr. sömu laga (sic).

Málavextir.

Síðastliðna nótt var ungur maður, Kolbeinn J.B. Einarsson, stunginn með hnífi fyrir utan veitingastaðinn Traffic. Pilturinn var fluttur á sjúkrahús og gerð á honum skurðaðgerð vegna innvortis blæðinga. Líðan hans nú er eftir atvikum, og er hann talinn úr lífshættu.

Kærði, Hilmar Þórir Ólafsson, hefur viðurkennt í skýrslu hjá RLR og fyrir dómi að hafa stungið Kolbein J.B Einarsson á kvið s.s. rakið hefur verið. Kærði kveður þá hafa verið að rífast og hnífstungan fylgt í kjölfar þess.

Þrjú vitni voru að framangreindum atburði, þeir Niels Hafsteinsson, Niels Helgi Nielsson og Ragnar Georgsson, vinir Kolbeins. Hafa þeir allir gefið skýrslu hjá lögreglunni í Reykjavík, en hafa eigi gefið skýrslu hjá RLR.

Fatnaður sá, er Kolbeinn var í, er nú í vörslu RLR til rannsóknar og hnífur sá, er notaður var við árásina.

Kærði hefur skýlaust jatað brot sitt, en nánar um atvik en að framan greinir hefur hann ekki treyst sér til að bera um vegna minnisleysis.

Ekki verður séð, að kærði geti torveldað rannsókn máls þessa með þeim hætti, að gæsluvarðhaldi verði beitt á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974.

Brot það, er kærði er grunaður um, getur varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 218. gr. laga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 20, 1981. Enda þótt kærði sé grunaður um alvarlegt brot, þykir óvarlegt að telja, að refsing fari fram úr 2 ára fangelsi. Samkvæmt því þykir eigi heldur unnt að beita gæsluvarðhaldi á grundvelli 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974. Verður kröfu RLR um gæsluvarðhald því synjað.

Úrskurðarorð:

Kröfu RLR um gæsluvarðhald er synjað.

Fimmtudaginn 22. apríl 1985.

Nr. 89/1985. **Ákærvaldið**

gegn

X

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari hefur að ósk varnaraðilja með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 16. apríl 1985, sem barst réttinum sama dag. Krefst hann þess, að hin kærða dómssátt verði felld úr gildi. Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Hinn 13. desember 1983 gekkst varnaraðili undir dómssátt í sakadómi Sauðárkróks, þar sem honum var gert að greiða 400,00 króna sekt til ríkissjóðs fyrir brot á 21., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978. Grundvöllur sáttar þessarar var skýrsla lögreglunnar á Sauðárkróki um ölvun og óspektir varnaraðilja í heimahúsum. Slík hegðun er ekki brot á 21. gr. áfengislaga, og var óheimilt að ljúka málinu með þeim hætti sem gert var. Dómssáttina ber því að fella úr gildi samkvæmt 6. mgr. nefndrar 112. gr. laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð:

Hin kærða dómssátt er felld úr gildi.

Dómssátt sakadóms Sauðárkróks 13. desember 1983.

Ár 1983, þriðjudaginn 13/12, var sakadómur Sauðárkróks settur og haldinn á lögreglustöðinni á Sauðárkróki af fulltrúa bæjarfógeta Hilmar Baldurssyni við undirritaða votta.